

BORGARRÁÐ 27. júní 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aksturþjónustu á félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara - R19060229

BORGARRÁÐ 27. júní 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aksturþjónustu á félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara - R19060229

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að Reykjavíkurborg bjóði eldri borgurum að hringja á félagsmiðstöðina sína og biðja um að láta sækja sig í félagsstarfið. Ef þeir af einhverjum ástæðum geta ekki komið sér sjálfir þann daginn væri akstursþjónusta lykillinn að félagslífi þeirra. En til þess að þetta virki vel, þarf þessi þjónusta að vera tiltæk og að ekki sé nauðsynlegt að panta hana fyrirfram. Viðkomandi er síðan ekið heim eftir á, þegar hann óskar. Hægt er að hafa einhverja lágmarksupphæð fyrir hverja ferð. Möguleiki væri að hanna einhvers konar áskrift á akstursþjónustu. Ítrekaður leigubílakostnaður, væri öldruðum ofviða og væri líklegur til að hindra eða draga úr þátttöku í félagslífi sem væri samt brýn þörf fyrir. Félagslíf eykur virkni og og vellíðan og minnkar þörf fyrir lyf svo það er nauðsynlegt að ýta undir félagslífið.